



Fundargerð

**29. fundur Hreppsnefndar Ásahrepps haldinn á skrifstofu Ásahrepps að Laugalandi í Holtum.,
Miðvikudaginn 21. ágúst 2024, kl. 08:30.**

Fundinn sátu:

Ísleifur Jónasson, Nanna Jónsdóttir, Þráinn Ingólfsson, Helga Björg Helgadóttir, Kristín Hreinsdóttir og Valtýr Valtýsson.

Fundargerð ritaði: Valtýr Valtýsson, sveitarstjóri.

1. Fundargerð 283. fundar skipulagsnefndar UTU - 2408008

Lögð fram fundargerð 283. fundar skipulagsnefndar UTU ásamt fundargerð afgreiðslufundar byggingarfulltrúa UTU nr. 24-207.

*Mál nr. 1; Kálfholt L1.b L208177; skipting lóðar í 6 búgarða; Deiliskipulag - 2309073.
Lögð er fram tillaga nýs deiliskipulags fyrir jörðina Kálfholt L1.b L208177 í Ásahreppi eftir kynningu. Gert er ráð fyrir að skipta upprunajörðinni upp í sex búgarða, 10 - 13 ha að stærð. Á hverjum búgarði verði heimild til að byggja íbúðar- og útihús. Umsagnir bárust á kynningartíma skipulagsins og eru þær lagðar fram við fyrirtöku málsins ásamt fornleifaskráningu og uppfærðum gögnum.*

Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir deiliskipulagið og að það verði auglýst á grundvelli 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 þar sem allar meginforsendur fyrir gerð deiliskipulagstillögunnar liggja fyrir innan aðalskipulags sveitarfélagsins. Að mati hreppsnefndar hefur verið brugðist við þeim umsögnum sem bárust á kynningartíma tillögunnar með fullnægjandi hætti innan tillögunnar þar sem m.a. hefur verið gert grein fyrir greiningu á gerð lands og fornleifaskráningu.

Mál nr. 27; Afgreiðslur byggingarfulltrúa - 24-207 - 2406002F.

Lögð fram til kynningar fundargerð afgreiðslufundar byggingarfulltrúa nr. 24-207.

2. Fundargerð 284. fundar skipulagsnefndar UTU - 2408013

Lögð fram fundargerð 284. fundar skipulagsnefndar UTU ásamt fundargerð afgreiðslufundar byggingarfulltrúa UTU nr. 24-208.

*Mál nr. 1; Ás 3 II-3land L204644; Skilgreining lóðar; Deiliskipulag - 2405084.
Lögð er fram tillaga nýs deiliskipulags sem tekur til lands Ás 3 II-3land L204644. Tillagan tekur til um 2,3 ha lands þar sem gert er ráð fyrir uppbyggingu íbúðarhúss, gestahúss, bilskúrs og geymsluskúrs. Málinu var frestað á fundi hreppsnefndar Ásahrepps 26.6.24. Uppfærð tillaga lögð fram.*

Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða deiliskipulagið og að það verði auglýst á grundvelli 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, en skipulagsgögn hafa verið lagfærð skv.

Handwritten notes and signatures in blue ink, including "Katr.", "Rut", "12", and "W".

áþendingum skipulagsnefndar og skipulagsfulltrúa.

Mál nr. 41; Afgreiðslur byggingarfulltrúa - 24-208 - 2407001F.

Lögð fram til kynningar fundargerð afgreiðslufundar byggingarfulltrúa nr. 24-208.

3. Fundargerð 285. fundar skipulagsnefndar UTU - 2408023

Lögð fram fundargerð 285. fundar skipulagsnefndar UTU.

Mál nr. 1; Holtamannafréttur L221893; Sigöldustöð; Efnistökusvæði; Aðalskipulagsbreyting - 2405114.

Lögð er fram tillaga aðalskipulagsbreytingar sem tekur til breytingar á aðalskipulagi Ásahrepps 2020-2032. Með breytingunni felst að skilgreint verði nýtt efnistökusvæði við aðrennslisskurð Sigöldustöðvar. Efni hefur verið tekið af svæðinu við framkvæmdir tengdar virkjunum og vatnsmiðlun, en náman er ekki á skipulagi. Efni úr námunni verður einkum nýtt við framkvæmdir í tengslum við fyrirhugaða stækkun Sigöldustöðvar. Stærð efnistökusvæðis verður um 1 ha og heimilt verður að vinna allt að 49.000 m³ af efni. Umsagnir bærust við kynningu skipulagslýsingar og eru þær lagðar fram við afgreiðslu málsins. Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða tillögu um aðalskipulagsbreytingu til kynningar í samræmi við 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Mál nr. 2; Einholt (L180119); byggingarleyfi; einbýlishús - 2408005.

Móttékin var umsókn, þann 17.07.2024, um byggingarleyfi fyrir 74,5 m² einbýlishús á jörðinni Einholt L180119 í Ásahreppi.

Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða að málið fái málsmeðferð á grundvelli 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 með fyrirvara um niðurstöðu grenndarkynningar og með fyrirvara um lagfærð gögn. Berist engar athugasemdir vegna grenndarkynningar skal málinu vísað til afgreiðslu byggingarfulltrúa.

4. Fjallskiladeild Holtamannafréttar - 7 - 2408001F

4.1 2108011 - Ákvörðun um réttardag á Holtamannafrétti

Hreppsnefnd Ásahrepps staðfestir fyrir sitt leyti bókun fjallskiladeildar Holtamannafréttar.

4.2 2108012 - Ákvörðun um leitarstjórn á Holtamannafrétti

Hreppsnefnd Ásahrepps staðfestir fyrir sitt leyti bókun fjallskiladeildar Holtamannafréttar.

4.3 2108013 - Ákvörðun um þóknarir vegna fjallferða á Holtamannafrétti

Hreppsnefnd Ásahrepps staðfestir fyrir sitt leyti bókun fjallskiladeildar Holtamannafréttar.

4.4 2403024 - Úthlutun úr Landbótasjóði 2024

4.5 2212014 - Uppgræðsla á Holtamannafrétti

5. Fundargerð 25. fundar stjórnar Odda bs. - vofundur - 2408001

Lögð fram fundargerð vofundar Odda bs., 25. fundar stjórnar.

Til kynningar.

6. Fundargerð 26. fundar stjórnar Odda bs. - 2408002

Lögð fram fundargerð 26. fundar stjórnar Odda bs.

Til kynningar.

HGH Ktr. ROP
FC BI
Lef

7. **Fundargerð 83. fundar stjórnar Brunavarna Rangárvallasýslu bs. - 2408015**
Lögð fram fundargerð 83. fundar stjórnar Brunavarna Rangárvallasýslu bs.
Hreppsnefnd Ásahrepps lýsir yfir ánægju sinni með þessum kaupum á slökkvibífið sem styrkja mun mikið viðbragðsgetu Brunavarna Rangárvallasýslu bs.
Til kynningar.
8. **Fundargerð 14. fundar stjórnar Arnardrangs hses. - 2408004**
Lögð fram fundargerð 14. fundar stjórnar Arnardrangs hses. ásamt ársreikningi fyrir árið 2023.
Til kynningar.
9. **Fundargerð 74. fundar stjórnar Bergrisans bs. - 2408005**
Lögð fram fundargerð 74. fundar stjórnar Bergrisans bs.
Til kynningar.
10. **Fundargerð 1. fundar nýrrar stjórnar Markaðsstofu Suðurlands - 2408016**
Lögð fram fundargerð 1. fundar nýrrar stjórnar Markaðsstofu Suðurlands.
Til kynningar.
11. **Fundargerð 2. fundar stjórnar Markaðsstofu Suðurlands - 2408017**
Lögð fram fundargerð 2. fundar stjórnar Markaðsstofu Suðurlands.
Til kynningar.
12. **Fundargerð aukaaðalfundar Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga, 7. júní 2024 - 2408007**
Lögð fram fundargerð aukaaðalfundar SASS sem haldinn var þann 7. júní 2024.
Til kynningar.
13. **Fundargerð 611. fundar stjórnar SASS - 2408012**
Lögð fram fundargerð 611. fundar stjórnar SASS.
Til kynningar.
14. **Fundargerð 73. fundar stjórnar Samtaka orkusveitarfélaga - 2408014**
Lögð fram fundargerð 73. fundar stjórnar Samtaka orkusveitarfélaga.
Til kynningar.
15. **Fundargerð 949. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga - 2408009**
Lögð fram fundargerð 949. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga.
Til kynningar.
16. **Fundargerð 950. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga - 2408010**
Lögð fram fundargerð 950. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga.
Til kynningar.

Höft
KTH
BT
L.O.

17. Minnisblað um skipulagsmál hjá UTU - 2408003

Lagt fram minnisblað, dags. 16. maí 2024, vegna mögulegra breytinga á samþykktum UTU sem unnið var af GB Stjórnsýsluráðgjöf. Einnig lagt fram tölvuskeyti sveitarstjóra Hrunamannahrepps og sveitarstjóra Grímsnes- og Grafningshrepps sem varða efni minnisblaðsins.

Hreppsnefnd Ásahrepps ræddi innihald minnisblaðsins. Hreppsnefnd er sátt við núverandi stöðu skipulagsmála og sér ekki ástæðu fyrir sitt leyti að breyta samþykktum byggðasamlagsins.

18. Húsnæðisreglur í málefnum fatlaðs fólks á þjónustuvæði Bergrisans - 2408006

Lagt fram tölvuskeyti Bergrisans bs, dags. 26. júní 2024, þar sem óskað er eftir því, við aðildarsveitarfélög Bergrisans bs, að sveitarstjórnir taki meðfylgjandi húsnæðisreglur til afgreiðslu. Jafnframt eru lagðar fram Reglur Bergrisans um húsnæði fyrir fatlað fólk ásamt vinnublaði ráðgjafa um mat á stuðningsþörfum.

Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir fyrir sitt leyti framlagðar reglur Bergrisans um húsnæði fyrir fatlað fólk.

19. Framtíð félagsheimilisins Ásgarðs - 2110025

Komið hafa í leitirnar fundargerðabækur m.m. Ungmennafélags Ásarhepps, en þær fundust í kjallara bókasafnsins að Laugalandi. Í fundargerðabókum kemur fram saga byggingar félagsheimilisins Ásgarðs þannig að ekki ætti neitt að standa í vegi fyrir að þinglýsa lóðarleigusamningi landeigenda við Ungmennafélag Ásahrepps. Beðið er eftir því að Sýslumaðurinn á Suðurlandi ljúki þinglýsingu samningsins.

Vandamál hefur komið upp vegna kostnaðar við hita og rafmagn félagsheimilisins, en Ungmennafélag Ásahrepps hefur ekkert fjármagn til að standa straum af þeim kostnaði. Tekjur Umf Ásahrepps af húsinu hefur verið leiga sem sveitarfélagið hefur greitt vegna kjörfunda sem þar hafa verið haldnir. Forsetakosningarnar voru í ár haldnar í Laugalandsskóla og því engar tekjur til að greiða fyrir hita og rafmagn félagsheimilisins. Fyrir liggur að ef þeir reikningar verði ekki greiddir þá muni verða lokað bæði fyrir hita og rafmagn hússins. Lagt var fram yfirlit yfir áfallinn og ógreiddan kostnað Ásgarðs vegna hita og rafmagns.

Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða að greiða fyrir hita og rafmagn félagsheimilisins þar til niðurstaða hefur fengist um framtím félagsheimilisins Ásgarðs og felur sveitarstjóra að ganga í málið og gera upp skuldir fyrir heitt vatn og rafmagn hússins.

20. Uppfærsla á heimasíðu Ásahrepps - 2405017

Lagt fram tölvuskeyti Stefnu, dags. 9. júlí 2024, ásamt tilboði í gerð nýrrar heimasíðu fyrir Ásahrepp ásamt lýsingu á verkþáttum. Gera má ráð fyrir að kostnaður verði rúmlega 1,5 mkr án VSK, en endanlegt verð verður háð því hve hve mikinn tíma flutningur á efni úr eldri síðu tekur. Rekstrarkostnaður eða mánaðarlegt gjald verði síðan kr. 14.900 án VSK.

Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða að ganga til samninga við Stefnu um gerð nýrrar heimasíðu fyrir Ásahrepp, á grundvelli tilboðsins.

21. Tillaga um vinnuhóp vegna dagdvalar fyrir fólk með heilabilun og tengda sjúkdóma - 2406032

Lagt fram tölvuskeyti sveitarstjóra Rangárþings ytra, dags. 10. júlí 2024, þar sem kynnt er bókun byggðaráðs Rangárþings ytra varðandi tillögu um skipan vinnuhóps til að vinna með stjórn hjúkrunarheimilisins Lunda á hellu vegna dagdvalarúræði fyrir fólk með heilabilun og tenda sjúkdóma.

Handwritten notes and signatures in blue ink, including "ABH", "ST", "Katr.", and "Lid".

Tillaga byggðaráðs Rangárþings ytra er að sveitarstjórar sveitarfélaganna Rangárþings ytra og Ásahrepps myndu mynda vinnuhópinn með einum fulltrúa heilsugæslunnar og félagsþjónustunni.

Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða tillögu byggðaráðs Rangárþings ytra.

22. Farsældarráð á Suðurlandi - 2408018

Lagt fram tölvuskeyti SASS þar sem óskað er eftir afstöðu hreppsnefndar Ásahrepps til að SASS, fyrir hönd landshlutans, geri viðaukasamning við sóknaráætlanir landshluta um að landshlutinn fái fjárhagslegan stuðning til þess að ráða verkefnastjóra í tvö ár til þess að útfæra starfsemi farsældarráða og þá í nánú samráði við aðildarsveitarfélögin.

Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða fyrir sitt leyti að gerður verði umræddur viðaukasamningur enda felur hann ekki í sér fjárhagslegar skuldbindingar fyrir sveitarfélagið.

23. Ársfundur Arnardrangs, tilnefning fulltrúa Ásarhepps - 2408019

Lagt fram tölvuskeyti Arnardrangs hses, dags. 14. ágúst 2024, þar sem boðaður er ársfundur félagsins sem haldinn verður á Teams þann 29. ágúst 2024. Jafnframt eru lögð fram útsend fundargögn vegna fundarins. Fram kemur í skeyti Arnardrangs hses að óskað er eftir því að hreppsnefnd Ásahrepps að tilnefnda aðila úr hreppsnefnd sem fer með atkvæðisrétt á fundinum.

Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða að Kristín Hreinsdóttir fari með atkvæðisrétt á fundinum fyrir hönd Ásahrepps.

24. Námugjöld vegna efnistöku innan Þjóðlendna - 2408020

Lagt fram tölvuskeyti forsætisráðuneytis sem er svar við fyrirpurn Ásahrepps, dags. 13. júní 2024, um forsendur þess að námugjöld sem tengjast virkjanafamkvæmdum skuli ekki vera greidd til sveitarfélaga með sama hætti og önnur efnistaka. Einnig lögð fram lög um þjóðlendur og samningur um námuréttindi milli forsætisráðuneytis og Landsvirkjunar.

Hreppsnefnd Ásahrepps vill skoða málið betur varðandi efnistöku innan þjóðlendna og felur sveitarstjóra að finna ráðgjafa til aðstoðar.

25. Samráðshópur um stöðu launafólks í Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu - 2408022

Lagt fram bréf Verkalýðsfélags Suðurlands, dags. 14. ágúst 2024, þar sem óskað er eftir að stofnaður verði samráðshópur um stöðu og málefni launafólks í Ranárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu.

Hreppsnefnd Ásahrepps tekur vel í hugmyndina og felur Kristínu Hreinsdóttur að vera fulltrúi Ásahrepps í samráðshópnum.

26. Rekstraryfirlit sveitarsjóðs Ásahrepps - 2101011

Lagt fram málaflökkayfirlit fyrir sveitarsjóð Ásahrepps fyrir tímabilið 1. janúar - 31. júlí 2024.

Til kynningar.

27. Minnisblað vegna gjaldfrjálsra skólamáltíða - 2408011

Lagt fram minnisblað Sambands íslenskra sveitarfélaga, dags. 4. júlí 2024, um gjaldfrjálsar skólamáltíðir ásamt viðauka I, framlög vegna gjaldfrjálsra skólamáltíða ágúst - desember 2024. Í viðauka I kemur fram að framlög til Ásahrepps tímabilið ágúst - desember 2024 verði kr. 1.408.517.

Til kynningar

Handwritten notes and signatures in blue ink, including initials like 'HBT', 'PI', and 'LW'.

28. Næsti fundur hreppsnefndar Ásahrepps - 2101018

Næsti reglubundni fundur hreppsnefndar Ásahrepps verður haldinn 18. september 2024 á skrifstofu Ásahrepps að Laugalandi. Fundur hefst klukkan 8:30.

Til kynningar.


Fundi slitið kl. 11:15.




Ísleifur Jónasson




Nanna Jónsdóttir




Þráinn Ingólfsson



Helga Björg Helgadóttir



Kristín Hreinsdóttir



Valtýr Valtýsson